



ÚTRÁSIN: UPPRUNI – EINKENNI – FRAMTÍÐARSÝN

Fyrirlestur forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar í fyrirlestraröð Sagnfræðingafélagsins 10. janúar 2006

Umræðan um útrás hefur birst okkur í mörgum myndum. Sumir ræða um hana sem afmarkað og skilgreint fyrirbæri, hjá öðrum gætir undrunar og efasemda, spurt er hvort þessi þróun fái staðist til lengdar, hvort hún sé byggð á sandi, glæfraspil sem komi þjóðinni í koll; fjármunir að mestu fengnir að láni og senn komi að skuldadögum.

Útrásin er þó staðfesting á einstæðum árangri Íslendinga, fyrirheit um kröftugra sóknarskeið en þjóðin hefur áður kynnst, ekki aðeins í viðskiptum og fjármálalífi heldur einnig í vísindum, listum, greinum þar sem hugsun og menning, arfleifð og nýsköpun eru forsendur framfara.

Útrásin er byggð á hæfni og getu, þjálfun og þroska sem einstaklingar hafa hlotið og samtakamætti sem löngum hefur verið styrkur okkar Íslendinga. Nauðsyn þess að allir komi að brýnu verki var kjarninn í lífsbaráttu bænda og sjómanna á fyrri tíð, fólkið tók höndum saman til að koma heyi í hús meðan þurrkur varði eða gerði strax að afla sem barst á land.

Það er forvitnilegt umræðuefni hvernig menning og saga móta útrásina, hvernig eiginleikar sem eiga sér rætur í arfleifð okkar gefa Íslendingum hugsanlega forskot á alþjóðavelli, hvernig vitund og venjur sem um aldir mótuðu samfélagið hafa reynst útrásarsveitinni haldgott veganesti.

Raunar má leika sér með þá hugsun að landnámsöldin sé á vissan hátt upphafið að þessu öllu saman og þjóðveldið hafi fært okkur fyrirmyndir sem efla sóknaranda.

Hinir fyrstu Íslendingar voru sannarlega útrásarfólk, jafnvel svo afgerandi að þau sem nú gera garðinn frægan blikna í samanburði. Landnámsmenn yfirgáfu ættaróðul í öðrum löndum og héldu hingað í óvissuna, gerðu úr óbyggðum dölum blómlegar sveitir, lögðu grundvöll að samfélagi laga og réttar sem þúsund árum síðar vekur enn aðdáun víða um heim og varð reyndar grundvöllur sjálfstæðisbaráttunnar á sínum tíma, að ógleymdum bókmenntunum sem lýsa ævi og örlögum þessa stórbrotna fólks.

Liðssveitin sem hér nam land var hluti af samfélagi víkinganna, þjóðflokkum sem voru á árabílinu 800 til um 1000 víðförlasta fólkið í veröldinni, hikaði ekki við að sækja frægð og frama langan veg, fór um Evrópu alla, upp stórar Rússlands og til Miklagarðs, suður um álfu til Miðjarðarhafsins, yfir úfið haf til Íslands og Grænlands og dvaldi um skeið í Ameríku.

Pótt sagnfræðin sem skrifuð var í anda sjálfstæðisbaráttunnar hafi gert landnámsmenn að Íslendingum nánast strax við upphaf byggðar þá var raunin sú að fólkið sem hingað kom var hluti af menningarheild sem sótti nýjan efnivið á framandi lendur, hélt í langferðir í leit að betri tækifærum, bar í brjósti svipaðan útrásaranda og mótað hefur árangur okkar að undanfögnu.

Sumum kann að þykja langsótt að tengja landnáms tímum við greiningu á útrásinni en menningin á sér nú einu sinni djúpar rætur og þessi arfleifð eins og hún er túlkuð af samtímanum hefur mótað okkur öll. Þjóðarvitund Íslendinga er sprottin af frásögnum um fólkið sem hér kom fyrst og sjálfstæðisbaráttan gaf þessum tíma æðra líf. Þjóðveldið, menning þess og bókmenntir, lög og réttur voru kjarninn í sögulegri réttlætingu á kröfum Íslendinga um að vera metnir til jafns við aðrar þjóðir.

Samskiptin við önnur lönd aldirnar sem liðu frá þjóðveldistíma til lýðveldisára voru reyndra til muna meiri en oft er talið og einangrunin ekki eins afgerandi og stundum er látið. Vesturferðir höfðu einnig á sínum tíma mikil áhrif, einmitt í kjölfar þess að Íslendingar fengu stjórnarskrá og breytingar á landbúnaði og sjávarútvegi fóru að láta á sér kræla. Í Kanada og Ameríku kynntust landar nýrri veröld, framförum og tækni sem voru annarrar ættar en þekktist á Fróni, fluttu í bréfum ítarlegar fréttir af reynslu sinni, gáfu út bæklinga og blöð sem bárust hingað og létu til sín taka í framfarasókn. Stofnun Eimskipafélagsins með þátttöku þeirra var forsenda útrásar sem skilaði Íslendingum margvíslegum ávinningum á fyrstu tugum liðinnar aldar.

Öll þessi reynsla er sameign okkar og mótar viðhorf og hugsun á ýmsan hátt, gerir okkur kleift að nýta fljótt og vel tækifærin sem hin breytta heimsmynd færir okkur.

Lykillinn að árangrinum sem útrásin hefur skilað er fólgin í menningunni, arfleifðinni sem nýjar kynslóðir hlutu í vöggugjöf, samfélaginu sem lífsbarátta fyrri alda færði okkur, viðhorfum og venjum sem eru kjarninn í siðmenningu Íslendinga.

Útrásin á sér djúpar rætur í sögu okkar, heimanfylgjan sótt í sameiginlega þjóðarvitund þótt vissulega hafi breytingar í veröldinni lagt þar lóð á vogarskálar.

Endalok kaldastríðsins opnuðu öllum nýjar dyr, leystu úr fjötrum ótal krafta, skópu tengsl í flestar áttir, gerðu okkur kleift að sækja inn í lönd sem áður voru að mestu lokuð og eignast þar öflugan bandamenn.

Alþjóðavæðingin gerði heiminn að einu markaðssvæði og eyddi mörgum þeirra hindrana sem áður voru í vegi, gaf fyrirtækjum sem spruttu upp í litlum löndum tækifæri til að verða stór á skömmum tíma, jafnvel ná í fremstu röð á sínu sviði. Enn er þó verulegum hluta jarðarbúa vegna eymdar, sjúkdóma, menntunarskorts eða annarra erfiðleika meinað að njóta kostanna sem þessi breyting skapar.

Upplýsingabyltingin færði okkur ný tæki í hendur og gerði kleift að tengja saman einstaklinga og vinnustaði hvar sem er í veröldinni. Allir geta nú á sömu stundu átt sams konar aðgang að upplýsingum, hvort sem í hlut eiga tíu menn eða milljarður jarðarbúa, þótt fátækt og hindranir í krafti ríkisvalds komi enn í veg fyrir að hundruð milljóna geti nýtt sér þessa ávinninga. Hver og einn af okkur hinum getur hindrunarlaust komið hugsun og ætlan áleiðis hvenær sem er á sólarhringnum. Tækifærin til að skapa samvinnuheildir hafa aldrei verið slík; áhrifamáttur Gutenbergs bliknar í samanburði.

Þessari þróun hefur verið lýst í frábærri bók Thomasar Friedman *The World is Flat* en hið merka blað *Financial Times* kaus hana bestu bók liðins árs enda höfundurinn margverðlaunaður blaðamaður *New York Times*. Hann lýsir hvernig samspil upplýsingabyltingar og alþjóðavæðingar hafi gert að engu drottunarvald sem risavaxin skrifræðisbákn stórra ríkja og framleiðslujöfra nutu áður. Nú geti hver og einn, unglingur í indversku þorpi eða frumkvöðull í íslenskri sveit, haft sömu áhrif til nýsköpunar og þeir sem að forminu til eru valdamenn, hvort heldur er í viðskiptalífi eða alþjóðamálum. Frumkvæði geti nú komið úr öllum áttum.

Sama hugsun hefur á undanförunum árum iðulega leitað á mig og ég reifað hana í samræðum við erlenda gesti sem biðja um skýringar á því sem þeir nefna íslenska undrið. Einnig hef ég leitast við að lýsa henni í erindum og málflutningi í ýmsum löndum, kannski einna fyrst á ítarlegan hátt í fyrirlestri sem ég hélt við Harvard háskóla fyrir tæpum fjórum árum og fjallaði um tækifæri smárra ríkja, bar heitið „Opportunities for Small States in the Age of Globalisation: The Icelandic Experience“.

Að vísu má finna ræturnar að þessari hugsun í innsetningaræðu við embættistöku 1. ágúst 1996 en þar sagði ég meðal annars:

„Við eigum að vera bjartsýn þegar við hugum að möguleikum okkar sem þjóðar í náinni framtíð. Þróun heimsmála, vísinda og tækni er okkur á margan hátt hagfelld. Við blasir ný veröld sem einkennist fremur af opnum samskiptum en af lokuðum valdakerfum. Hæfni og hugvit skipta meira máli en stærð og styrkleiki. Hinn smái getur haft til að bera snerpu og knálek sem oft dugur ekki síður en afl risans við að hagnýta tækni nútímans.

Við Íslendingar eigum því einstæða möguleika. Við erum allstaðar boðin velkomin til samstarfs við nýfrjálsar þjóðir og þróunarríki. Enginn þarf að óttast okkur vegna stærðar eða hugsanlegs yfirgangs. Einangrun vegna fjarlægðar og samgönguhindrana er að mestu úr sögunni og tækifæri bíða í öllum heimshlutum.“

Það er ánægjulegt að geta nú litið til baka og borið vitni um að þessi framtíðarsýn er orðin að kraftmiklum veruleika, skapandi og ólgandi framrás sem færð hefur viðskiptalífi og vísindastarfi, listum og menningu okkar Íslendinga nýtt blómaskeið.

Í fyrirlestrinum við Harvard háskólann vakti ég athygli á að iðnbyltingin hefði skapað vaxtarskeið hinna stærri ríkja og fjöldaframleiðslan verið helsta tækið til sóknar. Upplýsingabyltingin og alþjóðavæðingin hefðu á hinn bóginn breytt leikvælinum og nýjungar gætu nú birst úr öllum áttum, frumkvæði einstaklinga og sköpunargáfa gert fyrirtækjum hvar sem væri í veröldinni kleift að verða á skömmum tíma áhrifamikil á heimsmarkaði. Andlegar afurðir, sérhæfð þjónusta og upplýsingakerfi sem yrðu til í smærri ríkjum gætu innan tíðar orðið arðbær á veraldarvelli. Vöxtur fyrirtækja væri ekki háður sömu hindrunum og áður var. Þau gætu í krafti alþjóðavæðingar fljótt orðið risavaxin. Ný öld færði smærri þjóðum tækifæri til að blómstra. Aldrei fyrr hefðu þær átt slíka möguleika á hagsæld og framfararsókn.

Í fyrirlestrinum benti ég einnig á að í hinu nýja hagkerfi heimsins gætu smáríki á ýmsan hátt verið vænlegur vettvangur til nýsköpunar. Þar væri auðveldara að sjá samhengi hlutanna, öðlast aðgang að upplýsingum

og finna lausnir á flóknum vanda, skapa samvinnu ólíkra aðila án mikillar fyrirhafnar eða flókinna samninga.

Smárikið gæti verið eins konar tilraunastofa, einkum á sviðum sem helst myndu setja svip á framþróun heimsins á komandi árum, sviðum sem byggð eru á hugsun og hæfni, frumkvæði og getu til nýsköpunar. Það sem reynist vel á smáum heimavelli gæti átt mikla möguleika á heimsmarkaði. Hin nýja heimsmynd geti fært smáum ríkjum nýtt blómaskeið og á margan hátt væri þróunin þeim hliðhollari en gömlum áhrifaríkjum.

Ég nefndi í lokaorðum að margt benti til að menning hefði í framtíðinni mikil áhrif á samkeppnishæfni þjóða heims, sköpunarkrafturinn yrði sá þáttur sem úrslitum réði, ekki fjárhagsstyrkur eða framleiðslugeta, því hægt væri að fá aðgang að slíku á auðveldan hátt. Nægir peningar væru til í veröldinni, en frumleg og skapandi hugsun af skornum skammti. Einnig að þessu leyti gætu hin smáu ríki öðlast lykilstöðu því sagan sýndi að nýsköpun og áfangar í þróun siðmenningar gætu birst með skýrum hætti í fámennum samfélögum. Flórens og Feneyjar á tímum endurreisnar, Aþena og Róm til forna myndu á okkar tímum teljast til smæstu ríkja heims.

Allt á þetta erindi í umræður um útrásina og ég hef hvað eftir annað áréttað mikilvægi menningar og siðvenja til skýringar á árangri Íslendinga; nýlega í erindum bæði í London og New York og nokkru áður í Kaupmannahöfn en í þessum borgum er oft spurt hvernig á því standi að íslenskir athafnamenn beri sigurorð af öðrum, nái árangri sem tíðindum sætir og það í greinum þar sem þjóðin var áður lítt að verki svo sem í lyfjaframleiðslu, fjármálastarfsemi og alþjóðlegum bankarekstri, í viðskiptum með tískuvörur og í smásöluverslun, í framleiðslu á gervilimum og í rekstri símafyrirtækja svo að nokkur dæmi sé nefnd auk flugrekstrar og markaðssetningar matvæla þar sem við hefðum áður sýnt hvað lítil þjóð getur gert.

Í erindum austan hafs og vestan hef ég stundum nefnt tíu eiginleika sem gert hafa íslensku útrásina glæsilega – og flestir eru þeir mótaðir af menningu okkar, samfélagi og arfleifðinni.

Í fyrsta lagi vinnusemi sem ef til vill er arfur frá samfélagi þar sem allir þurftu að leggjast á árar, bæði bændur og sjósóknarar, og ekki var spurt um tímafjölda þegar lífsbjörgin var í húfi.

Í öðru lagi áhersla á árangur frekar en feril ákvarðana, að ganga beint til verks og ljúka því á skömmum tíma, spyrja hvenær frekar en hvernig og láta sér ekki vaxa í augum þótt tíminn sé naumur.

Í þriðja lagi að eiga auðvelt með að taka áhættuna, að þora þegar aðrir hika, kannski vegna þess að lífi sjómannsins fylgir jafnan hættu og útrásin er eins konar róður á ný mið. Við vitum líka að ætíð er hægt að hverfa aftur heim til Íslands ef illa fer í leiðangrinum og eiga hér hið besta líf því öryggisnetið sem velferðarsamfélagið veitir okkur tryggir öllum sama rétt til menntunar og umönnunar óháð efnahag. Athafnamenn í sumum öðrum löndum verða hins vegar oft að leggja velferð fjölskyldunnar á vogarskálar áhættunnar.

Í fjórða lagi að flækjur skrifræðisbákna hafa aldrei þvælst fyrir okkur Íslendingum; við erum vön að eiga beint við einstaklinga. Kannski hefur smæðin blessunarlega komið í veg fyrir að virkisveggir skrifræðis risu hér; við höfum einfaldlega ekki haft mannskap til að hlaða þá.

Í fimmta lagi hin ríka áhersla á að treysta hvert öðru, að orðheldni sé mikil dyggð, enda formlegir samningar oft óþarfir í litlu samfélagi. Það gerir fólki kleift að vinna saman og ná árangri hraðar en þeir sem vanist hafa skriflegri og flókinni umgjörð um samstarf áður en verkið sjálft er hafið.

Í sjötta lagi hve auðvelt er að mynda samstarfshópa sem stefna að sama marki, að skapa iðandi keðju bandamanna í ákvörðunum og ná þannig forskoti á fulltrúa hinna stóru sem bundnir eru af þunglamalegu og flóknu kerfi.

Í sjöunda lagi hinn íslenski athafnastíll þar sem stjórnandinn sjálfur er í fremstu röð, líkt og skipstjóri í brúnni sem deilir örlögum og áhættu með áhöfninni. Fyrirtækin öðlast svipmót frumkvöðlanna, persóna hans eða hennar verður ráðandi afl og slíkt stuðlar að ábyrgð og forystu í ríkara mæli en þar sem stjórnendur standa í skjóli af stærri heildum.

Í áttunda lagi arfleifðin sem ég nefndi í upphafsorðum, landnámið og tími víkinganna, sem færði okkur fyrirmyndir, hið djúpstæða viðhorf að sá sem heldur á ókunnar slóðir verðskuldi heiður, að leggja á hafið og nema lönd færi virðingu og sóma. Athafnamenn okkar tíma eru ærið oft metnir á slíkan kvarða og litið á þá sem arftaka hefðar sem á sér rætur í upphafi Íslandsbyggðar.

Í níunda lagi og einnig þar eru tengslin við forna tíma skýr, Eddukvæðin, Hávamál: „Deyr fé,/ deyjja frændur,/ deyr sjálfur hið sama./ En orðstír / deyr aldregi / hveim er sér góðan getur.“ Við vitum að mannorðið er dýrmætara en flest annað og slík hugsun er vænlegra leiðarljós um ókunna vegu á heimsmarkaði en regluverk eða flókin vegakort sem aðrir hafa samið. Það dugir Íslendingum lítt til sæmdar að brjótast áfram í öðrum löndum með aðferðum sem eru vafasamar því orðstírinn kann að tapast í slíkri för.

Í tíunda lagi áherslan á sköpunargáfu; virðing sem hinn frumlegi nýtur á heimaslóð og öndvegið sem skáldin sátu forðum hafa fylgt okkur um langan veg. Orðið athafnaskáld er lýsandi dæmi um hvernig þessi hugsun hefur fengið gildi í samtímanum. Þeim sem eru skapandi í hugsun, móta nýjan texta, nýja reynslu, nýtt verkasvið, nýjan athafnavöll er skipað í virðingarsess.

Skáldgáfa, sköpunargleði í fjölbreyttum myndum, hefur alltaf verið styrkur Íslendinga og það nýtist okkur vel í nútímanum enda hafa margir kunnáttumenn fært fyrir því rök að það sem á ensku er nefnt „creativity“ verði í vaxandi mæli ráðandi um afkomu og árangur þjóða, afdrifaríkara en fjárhagsstyrkur eða framleiðslugeta.

En sköpunarkrafturinn er á engan hátt sjálfgefinn. Hann verður ekki til í krafti reiknilíkans eða sóttur í bankahólf. Sköpunarkrafturinn er afrakstur menningar, afurð samfélagsins, þjóðarminnis og margs konar hefða. Hann er gjöf sem fyrri ár og aldir hafa fært nútímanum og verðmætasti höfuðstóll útrásarinnar.

Gestir sem skoða Ísland með glöggum augum undrast sköpunarkraftinn sem hér birtist, ekki aðeins í viðskiptalífi og umsvifum athafnaskálda, heldur einnig í listum og menningarlífi, í vísindum og rannsóknarstarfi.

Íslenskt listalíf hefur aldrei fyrr staðið í slíkum blóma og útrásin er einnig þar boðorð dagsins.

Íslensk tónlist er orðin víðkunn í veröldinni, verk tónskálda, söngvarar, hljómsveitir, bæði Sigur Rós og Sinfónían, og fjölsótt tónlistarveisla Iceland Airwaves er tákn um gróskuna meðal unga fólksins.

Íslensk myndlist vekur í vaxandi mæli áhuga kunnáttufólks í mörgum löndum og útrás málaranna hefur opnað þeim nýjar leiðir. Aldrei hafa jafn margir íslenskir rithöfundar átt traustan lesendahóp utan landsteinanna og nýsköpunin í bókmenntunum er jafnóðum komin á erlendar tungur. Hin unga kynslóð leikhúsanna hika ekki við að leggja Lundúni að fótum sér og Íslenska dansflokknum er reglulega boðið að sýna í ýmsum löndum. Kvikmyndagerðin er í vaxandi mæli alþjóðleg og erlendir stórleikarar birtast nú í íslenskum myndum.

Útrásin hefur einnig umskapað háskólana, vísindastarfið og rannsóknirnar. Víðtæk samstarfsnet við fræðimenn í öðrum álfum setja nú svip á þekkingarsamfélagið. Framlag Íslendinga til nýsköpunar í vísindum og tækni er umtalsvert og í mörgum greinum. Það var staðfesting um nýja tíma að forseti Indlands skyldi á liðnu ári óska eftir

Því að í opinberri heimsókn hingað yrði dagskráin einkum byggð á árangri sem náðst hefur með íslensku vísindastarfi. Tengsl okkar við Indland og Kína, en líka Bandaríkin og evrópskar slóðir, byggjast í æ ríkara mæli á útrás vísindanna, á nýsköpun þekkingar sem er öðrum nauðsynleg til framfara á þeirra heimaslóð.

Útrás og sköpunarkraftur eru burðargreinar af sama meiði og hvorug getur án hinnar verið.

Það er einnig merkilegt og kann að vera kjarni máls þegar leitað er skýringa á útrásinni að á Íslandi er skapandi gerjun á ólíkum sviðum - í viðskiptum, vísindum, menningarlífi - og umsvif og nýsköpun á einu þeirra hafa áhrif á önnur; hin gagnkvæmu áhrif mynda skapandi heild. Smæðin gerir það að verkum að gerendur á öllum sviðum – athafnafólk, listmenn, vísindamenn og rannsakendur – eru í nánara samneyti en tíðkast víða annarsstaðar, blanda geði á ýmsan hátt og tengjast hringiðu daglegs lífs á gamla Fróni. Í öðrum löndum byggja stærðin, mannfjöldinn og hefðirnar múra og skipa fólki á ólíka bása sem kunna að hindra gagnkvæm áhrif.

Að þessu leyti er Ísland á vissan hátt samfélag renaissansins, endurreisnar, þar sem blómaskeiðið byggist jöfnum höndum á viðskiptum, vísindum og listum, samfélagi fólks sem skarar framúr á ólíkum sviðum.

Reynslan hefur sannfært mig um að návígi viðskipta, vísinda og menningar hér á heimavelli er mikilvæg skýring á árangri útrásarinnar; hin gagnkvæma vitneskja um afrakstur á einu sviði hvetur til atorku á öðru; sköpunarkraftur eins sækir næringu í það sem vel tekst hjá öðrum. Án þessa nána sambýlis viðskipta, vísinda og lista yrði útrásin aðeins svipur hjá sjón.

Forsenda hins glæsilega sóknarskeiðs er þó umfram allt menntunin sem hin yngri kynslóð hefur hlotið, fólkið sem nú er á besta aldri. Íslendingar hafa kappkostað að veita öllum aðgang að langskólanámi og á síðari áratugum hafa þekking og þjálfun verið sótt til margra landa, fólk farið til náms við hin bestu lærdómssetur. Útrásin byggir á að læra af öðrum, sjá tækifærin sem víða gefast, flytja heim þekkingu og reynslu sem kunna að verða að nesti í næsta leiðangri.

Aldrei fyrr í sögu okkar hafa Íslendingar stundað nám í jafn mörgum löndum og í jafn fjölþættum greinum og sú ánægjulega staðreynd að þórrinn snýr aftur heim hefur skapað hér sífelda gerjun á þekkingarsviði; hið nýjasta er sífellt að ögra því sem fyrir er í fletti. Við fáum til okkar rjómann af því sem þekkest í fremstu lærdómssetrum veraldarinnar og hinir eldri þurfa að vera á tánum til að standast nýliðum snúning.

Í þessum efnum er smæðin okkur einnig ávinningur því í stærri löndum er tilhneiging til að fara ekki út fyrir túngarðinn heima, en við vitum vel að „Sá einn veit / er víða ratar“, svo aftur sé vitnað til Hávamála. Við erum neydd til að leggja lönd undir fót og færum svo lærdóminn með okkur heim; þannig var það á blómaskeiði ritlistar og fræða á tólftu og þrettánda öld og þannig er það enn á okkar tímum. Ísland er vettvangur sífelldrar endurnýjunar á þekkingarsviði og gerjunin og nýsköpunin sem í kjölfarið kemur hafa lagt grundvöll að útrásinni.

Þegar spurt er um framtíðarhorfur, hvort útrásin muni daga uppi eða halda áfram á sóknarbraut, þá felst svarið fyrst og fremst í menntuninni. Verður háskólum og þekkingarsókn til annarra landa áfram gert kleift að standast ítrustu kröfur? Verður mælikvarði á heimsvísu áfram markmið í menntastefnu Íslendinga?

Svarið er líka fólgið í því að vel sé hugað að undirstöðum, að hin metnaðarfulla útrásarsveit haldi ávallt áttum, glati ekki jarðsambandi þótt vel gangi, meti áfram að verðleikum samfélagið sem þau hefur fóstorað og komi fram af virðingu og sanngirni ekki aðeins við íslenska þjóð heldur einnig við íbúa annarra landa, gleymi ekki að útrásin byggir í grunninn á sögu, menningu og siðviti Íslendinga.

Hin fjölþætta útrás sem orðið hefur drifkraftur nýsköpunar á mörgum sviðum hefur alla burði til að verða veigameiri í framtíðinni; hún getur skapað undirstöður blómlegrar tíðar og haft jákvæð áhrif á hagsæld allra íbúa landsins, á allar byggðir, stéttir og starfsgreinar. Útrásin er ekki einkamál þeirra sem ryðja brautir. Hún litar samfélagið allt, opnar augu landsmanna fyrir tækifærum á mörgum sviðum, dregur fram það sem gerir Íslendinga í stakk búna til að eflast og styrkjast í veröldinni. Hin breytta heimsmynd er okkur hliðholl og tækifærum fjölgar ört.

Blómaskeið með rætur í útrásinni – blómaskeið í viðskiptum, vísindum og listum – er sú framtíðarsýn sem hæglega getur orðið að veruleika og þótt ætíð sé gott að hafa varann á sér, efast um ágæti þess sem fyrir augu ber og árétta nauðsyn þess að stoðir útrásarinnar verði áfram traustar, bendir fátt til annars en að útrásin muni á komandi árum færa okkur sífellt nýja landvinninga og gefa öllum Íslendingum kost á að njóta betra lífs.

Útrásin hefur margháttuð áhrif á líf þjóðarinnar, líka fólksins sem finnur ekki í fljótu bragði samhljómi með fréttum af landvinningum í fjarlægum löndum. Hún hefur leitt til þess að lífskjör Íslendinga hafa batnað þótt margir landsmenn búi því miður enn við þröngan kost. Útrásin getur, ef vel er á haldið, skapað hér meiri hagsæld en við höfum áður haft í augu.

Helsti ávinningurinn er þó fólgin í því að útrásin veitir ungu fólki ótvíræða sönnun þess að besti kosturinn er að sameina íslenskar rætur og athafnasemi á alþjóðavelli, að krafturinn sem Ísland gefur er vænlegt veganesti, að hægt er að vera í senn skapandi Íslendingur og áhrifaríkur heimsborgari.